



## Stjórnarfundur FNS

### Fundargerð

**Priðjudagur 22. október 2019 , kl. 15:00, Framvegis**

Mættar: Systa, Helga Lind, Helga Try., Klara, Svanhildur, Hildur Katrín á Zoom, Margrét var fjarverandi

#### 1. Dagur náms- og starfsráðgjafa

- Tilnefningar - viðurkenning fyrir vel unnin störf
  - Arnar Þorsteins og hans fólk fyrir framtak sitt og vinnu í kringum síðuna "naestaskref" störf, námsleiðir, raunfærni og starfsráðgjöf. Tilnefndur af Katli og Ásdísi
  - Sif Einars fyrir skelegga aðkomu að þróun bæði vettvangsþjálfunarmála og áhugasviðskannanna. Tilnefnd af Soffíu Valdimars
  - Nanna Imsland fyrir frábært hvað hún er að gera flotta hluti með upplýsingatækni í námsráðgjöf í Menntaskólanum á Egilsstöðum. Tilnefnd af Önnu Jónu Guðmundsdóttur

Eftir góðar umræður var ákveðið að Sif fengi viðurkenninguna – mjög líklega verður hún ekki á staðnum. Helga sér um að græja viðurkenninguna.

- Kynningarefni – Systa er búin að panta hálsbönd með merki FNS og starfsheitinu. Helga Try biður Ingibjörgu Kristins og Fjólu í kynningarnefnd að láta prenta nafnspjöld með logoinu okkar og kaupa plat til að hengja nafnspjöldin á böndin. Helga kemur með gardínurnar.
- Veitingar í lokinn – boðið verður upp á hvítvín og rauðvín
- Út að borða – Stjórn og fræðslunefnd fer út að borða. Svanhildur sér um að panta borð á Zumac fyrir 9 manns.

#### 2. Búið er að senda fyrirspurn til Alþingis frá Samfylkingunni til Menntamálaráðherra varðandi stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf.

#### 3. Sótt var um styrki hjá SEF. Ráðstefnustyrkur upp á 500.000 kr. fyrir Klöru og Svanhildi og einnig var sótt um fyrirlestrastyrk fyrir framhaldsskólaráðgjafa upp á 80.000 kr.

#### 4. Félagatalið

- Verkferill – Klara er að vinna í excel skjalinu. Svo virðist sem það hafi ekki allir félagsmenn fengið greiðsluseðil. Klara heldur áfram þessari vinnu. Þegar hún hefur fundið út hverjir hafa ekki fengið greiðsluseðil þá munu Klara og Helga Try senda tölvupóst á viðkomandi.
- Heiðursfélagar? Hverjir eru heiðursfélagar? Helga Lind sagði að það væri annað skjal og gætu þessar upplýsingar verið þar. Klara ætlar að athuga þetta.

#### 5. Verkferlar, setja upp vinnulagið fyrir hlutverk okkar innan stjórnar. Zoom aðgangur er tengdur við gmail stjórnar.



6. Skólavarðan stefnumótunarhópurinn sá um þá vinnu. Það er komið frá Margréti um alþjóðlegt samstarf. Helga setti um um lagalegu hliðina, krækjur á tvenniskonar kynningarefni fns.is krækjur á vöfundarhús, um hlutverk náms- og starfsráðgjafa

Fundarritari

*Svanhildur Svavarsdóttir*